

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Skuggasundi 1
101 Reykjavík

Akureyri 25. október 2021
UST202110-134/K.R.
11.08

Efni: Greining Umhverfisstofnunar á stjórnækjum vegna rjúpnaveiða 2021

Vísað er til bréfs Umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, dags. 21. október 2021 þar sem ráðuneytið óskar eftir því að Umhverfisstofnun geri ítarlegri grein fyrir því hvernig megi með veiðistjórnun best tryggja að rjúpnaveiðin í ár verði í samræmi við mat Náttúrufræðistofnunar Íslands á veiðipoli stofnsins. Óskar ráðuneytið eftir tillögum stofnunarinnar um hvernig beita megi eftirfarandi stjórnækjum og eftir atvikum öðrum tiltækum, til þess að heildarveiði á rjúpu verði innan veiðipols stofnsins.

Umhverfisstofnun vísar jafnframt í bréf sitt, dags. 18. október s.l. um tillögur stofnunarinnar um veiðistjórnun á rjúpu fyrir árið 2021 þar sem lagt var til að engar breytingar yrðu gerðar á fyrirkomulagi rjúpnaveiða. Umhverfisstofnun gefur álit sitt á þeim stjórnækjum sem ráðuneytið sendi stofnuninni 21. október hér í framhaldi.

1. Stjórnækki
 - a. Veiðidagar
 - i. Fjöldi veiðidaga
 - ii. Tímasetningar innan ársins
 - iii. Tímasetningar innan dagsins
 - b. Veiðisvæði
 - c. Aukin miðlun upplýsinga og tilmæli til veiðimanna
 - d. Takmarka fjölda veiddra rjúpna – veiði í heildina eða á dag- skoða lagaheimild
 - e. Veiðibann

Samantekt:

Greining Umhverfisstofnunar hefur leitt í ljós að ákjósanlegast og líklegast til að skila tilætluðum árangri er verulega aukin miðlun og tilmæli til veiðimanna um hófsamar veiðar, í samræmi við lið c. Umhverfisstofnun er reiðubúin að auka framlag sitt til hvatningar og tilmæla til veiðimanna.

Greiningin hefur einnig leitt í ljós að mögulegt er að færa tímasetningar veiðitímabilsins innan ársins, í samræmi við lið a.ii.

Annars vegar er hægt að hafa veiðitímabilið allt í desember, frá 1. – 22. desember. Hins vegar er hægt að skipta veiðitímabilinu upp í tvö tímabil, annað 1. – 16. nóvember og hitt 10.-21. desember. Með þessum leiðum myndi veiðidagurinn sjálfkrafa styttest enn frekar með minni dagsbirtu. Fyrirvari er þó settur við þennan möguleika hvað varðar vetrarafföll og öryggi veiðimanna. Samhliða er brýnt að fara í aukna miðlun upplýsinga og setja fram tilmæli til veiðimanna eins og fyrr segir.

Þessi greining Umhverfisstofnunar varpar ljósi á mikilvægi þess að gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir rjúpunu verði lokið sem allra fyrst. Slík áætlun myndi innihalda viðbrögð og stjórnþæki sem grípa mætti til við kringumstæður sem þessar. Vinna við áætlunargerðina er í gangi með helstu samráðsaðilum og áætlað er að henni verði lokið vorið 2022.

1. Stjórnþæki:

a.i. Fjöldi veiðidaga

Allt frá því að veiðar voru leyfðar að nýju eftir tveggja ára veiðibann hafa margar útgáfur af þessu stjórnþæki verið reyndar þ.e. að leyfa færri veiðidaga en þá 69 sem lagheimild leyfir. Árið 2005 voru 47 dagar leyfðir, 26 dagar 2006, 18 dagar 2007-2010, 9 dagar 2011 og 2012, 12 dagar 2013-2017, 15 dagar 2018 og nú síðast 22 dagar. Reynslan af þessum útfærslum sýnir að það eru ekki sýnileg tengsl milli fjölda leyfilegra veiðidaga annarsvegar og veiðidaga per mann og veiðidaga samtals hins vegar. Ef ætti að beita þessu stjórnþæki til að veiðimenn fari færri daga til veiða þarf því að fækka þeim verulega eða niður í 3 daga. Þegar komið er fram í nóvember væri það afar mikil tilviljun að veður væri skaplegt til veiðiferða alla þá daga alls staðar á landinu. Ef veiðimenn hafa úr svo fáum dögum að velja munu þeir fara til veiða í veðri sem þeim kæmi ekki til hugar að fara í ef þeir hefðu fleiri daga um að velja. Með þessu móti værum við því að stefna öryggi manna í tvísýnu. Fyrir utan veðurþáttinn þá væri verið að þjappa öllu veiðiálagi tímabilsins á afar fáa daga og þéttleiki veiðimanna á vinsælum veiðislóðum verður því afar mikill. Með miklum þéttleika veiðimanna á veiðislóð ætti rjúpan lítinn möguleika á að komast undan veiðimanni því hún væri vart sloppin frá einum þegar hún rækist annan. Þetta getur einnig aukið hættu á að menn verði fyrir slysaskotum. Að framansögðu getur Umhverfisstofnun ekki mælt með að fækka veiðidögum.

a.ii. Tímasetningar innan árs

Hugsanlega mætti færa veiðitímabilið eitthvað til innan ársins. Staðan núna er að einungis er hægt að færa tímabilið eitthvað aftur á árinu.

Ein leið væri að hafa veiðitímabilið allt í desember, frá 1. – 22. desember sem er innan ramma laganna. Þá væri fjöldi veiðidaga 22 eins og verið hefur en styttri dagur og í mörgum tilfellum verri færð til fjalla. Sé þessi leið farin nýtur dagsbirtu tæplega 48 tímum skemur en miðað við núverandi reglugerð. Í desember má búast við verri vetrarveðrum en með því að hafa alla 22 dagana opna hefðu veiðimenn meira val um að fara ekki ef veður er tvísýnt.

Önnur leið væri að skipta veiðitímabilinu upp í tvö tímabil, veiðar væru þá til dæmis leyfðar frá þriðjudeginum 1. nóvember til og með þriðjudeginum 16. nóvember og svo aftur 10. desember til og með 21. desember, áfram yrði óheimilt að veiða miðvikudaga og fimmtudaga. Þetta gera tólf veiðidaga í nóvember og tíu í desember. Tími dagsbirtu í þessum lotum í desember er um einni og hálfri klukkustund styttri en í þeim tveimur lotum sem teknar væru út seinnipart nóvember. Raunverulegur veiðitími væri því um það bil fimmtán og hálfri klukkustund skemmri þó leyfður dagafjöldi héldist sá sami. Dagsbirtu nýtur rúmlega þremur klukkustundum skemur hvern dag í þessum lotum í desember en í lotunum fyrripart nóvember eða úr rétt tæplega sjö klukkustundum í nóvember niður í rétt rúmlega þrjár og hálf klukkustund í desember. Með skemmri degi og erfiðara færi komast veiðimenn

yfir minna svæði til leita og má því búast við minni veiði hvern dag. Það er mögulegt að meta það með því að setja inn í veiðiskýrsluna á netinu spurningu um hve margar rjúpur menn veiddu á hvoru tímabili.

Af framangreindum tveimur leiðum væri seinni leiðin ákjósanlegri að mati Umhverfisstofnunar ekki síst vegna áhrifa vetraraffalla rjúpunnar.

Rétt er að benda á það mikilvæga atriði að þeir fuglar sem veiðast í desember eru mun verðmætari fyrir stofninn en fuglar sem veiddir eru í nóvember vegna vetraraffalla, en fugl á lífi í desember er líklegur að lifa til vors þar sem vetraraföll eru að mestu gengin yfir í lok nóvember.

Öryggi veiðimanna er annað mikilvægt atriði sem skal einnig nefna. Með styttri birtutíma og hugsanlega verri vetrarveðrum má gera ráð fyrir að það auki líkur á að einhverjir veiðimenn verði dagþrota.

Enn ein leið væri að hefja veiðarnar mun fyrr en núverandi lög leyfa eða færa veiðarnar fram í september meðan fuglinn er enn í sumarbúning. Þessi leið verður af augljósum ástæðum ekki farin þetta árið en er vel til þess fallin að fjallað verði um hana við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar.

a.iii. Tímasetningar innan dagsins

Það liggur fyrir að veiðitími hvers dags styttest þegar lengra líður á tímabilið þar sem dagurinn styttest eftir því sem líður á árið, birtutími seinasta veiðidags í núverandi reglum er allt að þremur og hálfum tíma styttri en fyrsta dags tímabilsins. Víða erlendis þekkt sú veiðistjórnun að ekki megi veiða fyrir ákveðin tíma eða eftir ákveðin tíma. Þessu getur verið einfalt að fylgja eftir þar sem menn standa t.d. í skot turnum og bíða bráðarinnar eða eru að veiða á mjög afmörkuðu svæði þar sem veiðiverðir fylgjast með veiðunum. Eðli rjúpnaveiða er þannig að þessu væri mjög erfitt að fylgja eftir og spurning hvaða árangri það skilaði að setja slíkt í reglugerð. Hugsanlega væri hægt að vera með einhver tilmæli til veiðimanna um að hætta veiðum klukkan eitthvað ákveðið en ólíklegt er að það hefði þau áhrif að veiðarnar færu ekki yfir 20.000 viðmiðið þó veiðimenn færu alfarið eftir þeim tilmælum. Ef farið væri að hugmyndum sem nefndar eru í tilfærslu tímabils á innan ársins gerist þetta sjálfkrafa vegna styttri tíma sem dagsbirtu nýtur.

b. Veiðisvæði

Það að loka einu svæði væri ekki til þess fallið að minnka heildarveiðina því veiðimenn eru færanlegir og færu á opnu svæðin, þar væri álagið þá meira. Að loka einhverjum veiðisvæðum gæti verið vænlegt til að hlífa fuglum á því svæði en ekki til að draga úr heildarveiðinni. Reikna má með að þegar lengra líður á tímabilið versni færð og erfiðara verði að sækja viss veiðisvæði og að ef farið væri að hugmyndum um skiptingu veiðitímabils má reikna með að færð í desember muni hindra veiðimenn enn frekar í að komast inn á margar veiðislóðir á hálendinu.

c. Aukin miðlun upplýsinga og tilmæli til veiðimanna

Þetta stjórnátaki hefur verið notað ásamt fækkun daga og sölubanni síðan veiðar voru leyfðar að nýju árið 2005. Þetta hefur gefist vel og almennt má segja að veiðimenn hafi talsvert annað viðhorf til veiðanna nú en áður. Ekki sé þannig kappsmál að veiða sem mest heldur

að geta notið veiðanna. Umhverfisstofnun hefur undanfarin ár í félagi við Skotvís verið með hvatningu í formi samlesinna auglýsinga í útvarpi og skjáauglýsinga á RÚV. Sem fyrr segir er Umhverfisstofnun reiðubúin að auka frekar framlag sitt til hvatningar og tilmæla til veiðimanna.

Auk þessa er hægt að vera með hvatningu til hófsamra veiða á samfélagsmiðlum, í gegnum markpóst o.fl. Þarna væri styrkur að því að fá fleiri að borðinu, UST, UAR, Skotvís, Fuglavernd o.fl. Skotvís er tilbúið að senda markpóst á sína félagsmenn og Umhverfisstofnun getur einnig sent markpóst á nokkurn fjölda veiðimanna enda hafa þeir samþykkt að Umhverfisstofnun sendi þeim ýmsa pósta tengdum veiðum á netfang þeirra. Leggja þarf áherslu á að ná bæði til veiðimanna og neytenda.

d. Takmarka fjölda veiddra rjúpna – veiði í heildina eða á dag- skoða lagaheimild

Samkvæmt 2. mgr. 17. gr. laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum er heimilt að takmarka veiðar við ákveðna daga innan þeirra tímamarka sem fram koma í 1. mgr. og ákveðinn tíma sólarhrings. Að mati Umhverfisstofnunar er því ekki lagaheimild fyrir því að takmarka fjölda veiddra rjúpna með reglugerð. Hins vegar er hægt að setja slíkt fram með tilmælum til veiðimanna.

e. Veiðibann

Ef niðurstaðan verður að banna veiðar í ár þá er mikilvægt gera sér grein fyrir því hvaða þýðingu það hefur. Með veiðibanni nú er verið að gefa í skyn hvar neðri mörk stofnstærðar liggja um hvenær ekki sé ráðlegt að veitt sé úr stofninum sem ekki hefur verið hægt að ákveða hingað til. Þetta er ein mikilvægasta stjórnunaraðgerð í stjórnunar- og verndaráætlun sem er í vinnslu og ekki hefur enn verið tekin ákvörðun um hvar skuli liggja. Ákvörðun nú um veiðibann er þá hvorki byggð á vísindalegri né veiðistjórnunarlegri nálgun né í samráði við þá aðila sem koma að gerð stjórnunar- og verndaráætlunar rjúpu varðandi stefnumótandi málefni. Það sem verður að hafa í huga við ákvörðun um veiðibann er að þá verði einnig að liggja fyrir ákvörðun um við hvaða stofnstærð er hægt að heimila veiðar að nýju.

Umhverfisstofnun er í samstarfi við Náttúrufræðistofnun Íslands, Fuglavernd og Skotvís að vinnu að gerð stjórnunar- og verndaráætlun fyrir rjúpuna. Við gerð þeirrar vinnu er notað verkfærið Adaptive Harvest Management sem gengur í stórum dráttum út á að sett eru markmið, ógnir metnar og viðbrögð við þeim til að bregðast við aðstæðum líkt og eru uppi í dag. Þá er einnig gert ráð fyrir mælingum til að meta áhrif aðgerða fyrir áframhaldandi vinnu. Í slíkri áætlun er m.a. kveðið á um hver væru neðri mörk stofns og hvenær veiðar eru ekki heimilar og jafnframt við hvaða mörk hægt sé að hefja veiðar að nýju.

Virðingarfyllst

Skúli Þórðarson
sviðstjóri

Bjarni Pálsson
teymisstjóri